

Tilkynning til fjölmiðla:**Verðmyndun á innfluttu grænmeti í febrúar 2004**

Í mars 2001 var birt niðurstaða rannsóknar samkeppnisyfirvalda á ólögmetu samráði og samkeppnishömlum dreifingaraðila á grænmetis- og ávaxtamarkaði. Á sama tíma vakti samkeppnisráð athygli stjórnvalda á því að þágildandi fyrirkomulag við innflutningshömlur á grænmeti auðveldaði dreifingarfyrtækjum að hafa með sér ólögmett samráð. Var því beint til landbúnaðarráðherra að hann hefði frumkvæði að því að ákvæði tolla- og búvörulaga sem hindruðu viðskipti með grænmeti yrðu endurskoðuð. Í samræmi við þessi tilmæli beitti landbúnaðarráðherra sér fyrir því að tollar á algengum tegundum grænmetis voru felldir niður snemma á árinu 2002.

Í framhaldi af framangreindum aðgerðum hefur Samkeppnisstofnun um tveggja ára skeið gert mánaðarlegar kannanir á verði grænmetis og ávaxta í matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu. Kannanir þessar sýna smásöluverð á tilteknum degi í hverjum mánuði ásamt samanburði frá sama tíma árið áður. Er tilgangur þeirra að efla verðskyn neytenda og stuðla þannig að samkeppni og aðhaldi í verðlagi.

Þann 25. febrúar sl. birti Samkeppnisstofnun niðurstöður verðkönnunar á grænmeti og ávöxtum í febrúar 2004, ásamt samanburði við sambærilegar kannanir í febrúar 2003 og 2002. Könnunin sýndi að meðalverð einkum á tilteknum tegundum innflutts grænmetis var talsvert hærra í febrúar 2004 en á sama tíma í fyrra. Þó kom fram að meðalverð á öllum tegundum grænmetis og ávaxta var lægra í febrúar 2004 en febrúar 2002, áður en niðurfelling tolla á grænmeti kom til framkvæmda. Í ljósi þessa ákvað Samkeppnisstofnunin að kanna verðmyndun á innfluttu grænmeti í febrúar 2003 og 2004. Jafnframt var með bréfi landbúnaðarráðherra dags. 2. mars 2004 þess farið á leit að Samkeppnisstofnun skoðaði ofan í kjölinn hver skýringin á verðhækkun grænmetis á þessu ári væri.

Til einföldunar tók athugunin aðeins til eftirfarandi algengra tegunda innflutts grænmetis, sem hækkuðu hvað mest í verði í verðkönnun í febrúar 2004: tómatar, grænar paprikur, rauðar paprikur, kínakál og jöklasalat.

Byggt er á upplýsingum um verðmyndun í hverri sendingu í viðkomandi mánuðum frá tveimur heildsölufyrtækjunum, sem annast yfir 90% alls innflutnings á þessum vörum. Tekið er fram að gengi á Evru hækkaði að meðaltali um 3,5% frá febrúar 2003 til febrúar 2004. Þá var leitað eftir upplýsingum um daglegt innkaups- og útsöluverð frá 11 smásöluverslunum og verslanakveðjum.

Niðurstöður eru mismunandi fyrir einstakar tegundir. Hækkun smásöluverðs á grænum og rauðum paprikum frá febrúar 2003 til febrúar 2004 var um 28-34%. Þessi hækkun verður fyrst og fremst rakin til mikillar hækkunar á innkaupsverði erlendis og að hluta til hækkunar á heildsöluálagningu, sem var óvenju lág í febrúar 2003.

Smásöluálagning lækkaði hins vegar, sem dró úr áhrifum verðhækkunar á innflutnings- og heildsölustigi á endanlegt vöruverð.

Smásöluverð á innfluttum tómtum hækkaði að jafnaði um 14-18% á milli febrúar 2003 og febrúar 2004, jöklasalat hækkaði um 13-14% og kínakál um 23-30%. Þessi hækkun verður þó almennt ekki nema að litlu leyti rakin til erlends innkaupsverðs eða verðbreytinga á heildsölustigi. Þannig varð tiltölulega lítil breyting á innkaupsverði smásala á tómtum, lækkun varð á erlendu innkaupsverði og heildsöluverði á jöklasalati og breytingar á heildsöluverði kínakáls gáfu ekki tilefni til svo mikillar hækkunar smásöluverðs sem raun varð á. Er því ljóst að í þessum tegundum varð talsverð hækkun á smásöluálagningu. Þess ber þó að geta að í sumum tilvikum var smásöluálagning í febrúar 2003 óvenjulega lág eða jafnvel neikvæð á tómtum og jöklasalati. Niðurstöður könnunarinnar sýna engu að síður að smásöluálagning á innfluttum tómtum og kínakáli var óvenjulega há í sumum verslunum í febrúar 2004.

Af framansögðu er ljóst að engin einhlít skýring er á því að verðkönnun Samkeppnisstofnunar í febrúar 2004 sýndi óhagstæða verðþróun fyrir framangreindar tegundir. Felst skýringin ýmist í erlendum verðhækkunum eða hækkunum á álagningu á heildsölu- eða smásölustigi.

Ítrekað skal að umræddar kannanir Samkeppnisstofnunar sýna einfalt meðaltal smásöluverðs. Er þeim því ekki ætlað að sýna verðbreytingar í útgjöldum neytenda við kaup á grænmeti. Niðurstöðurnar eru því ekki sambærilegar við verðbreytingar samkvæmt vísitölu neysluverðs, þar sem verð verslana er vegið miðað við sölu þeirra. Fram hefur komið opinberlega að á umræddu tímabili hefur grænmetisliður í vísitölu neysluverðs ekki hækkað þrátt fyrir verðhækkanir í mörgum verslunum. Samkeppnisstofnun telur líklega skýringu á þessu vera þá að neytendur kaupir nú í meira mæli grænmeti í verslunum sem bjóða lágt vöruverð. Stofnunin fagnar þessari þróun, en hún bendir til þess að verðskyn neytenda hafi aukist.

Samkeppnisstofnun telur að niðurstöður þessarar athugunar gefi ekki tilefni frekari aðgerða, að öðru leyti en því að stofnunin mun áfram fylgjast með verðþróun á markaðnum.

Niðurstöður athugunarinnar birtast í heild á heimasíðu Samkeppnisstofnunar www.samkeppni.is.
